



# SÓFAMÁLVERKIÐ

## THE SOFA PAINTING

LISTASAFN REYKJAVÍKUR – HAFNARHÚS  
REYKJAVIK ART MUSEUM – HARBOUR HOUSE

JANÚAR - MARS 2001



# „Sófamálverkið“

## - Hugleiðing -

Segja má, að íslensk heimili endurspeglí það verðmætamat, sem býr með þjóðinni. Á sama hátt og stofan er miðpunktur heimilisins, þar sem gestum er boðið til sætis, þá er sófinn og listaverkið fyrir ofan hann miðpunktur stofunnar. Þar er komin eins konar helgimynd Íslendingsins, sem opinberar allt í senn - stolt hans yfir eigin heimili, sem endurspeglar um leið velgengni hans og virðingu fyrir því listaverki sem valið hefur verið fyrir ofan sófann og lýsir myndefnið oftast en ekki gamalgróinni ást hans á landinu.

Hugtakið „sófamálverk“ lýsir í hnotskurn þeim sérstöku tengslum sem eru milli Íslendinga og verka eftir íslenska listmálara, sérstaklega þegar um er að ræða myndir sem lýsa náttúru landsins. Þessum tengslum mætti einna helst líkja við ástarsamband sem varað hefur alla 20. öldina, og verður því að teljast býsna langlíf.

Það er vert að beina sjónum að þessu fyrirbæri og skoða það nánar, og því kviknaði hugmyndin að þeirri sýningu sem hér er fylgt úr hlaði. Þar gefur að líta á annað hundrað ljósmyndir - mannláusar myndir af sófa, málverkinu fyrir ofan hann og öðrum húsögnum eins og þau koma fyrir á heimilum landsmanna. Um er að ræða heimili ungra sem aldinna, hefðbundin og framúrstefnuleg - þverskurð af því samfélagi, sem setur listaverkið í öndvegi með þessum hætti - hlutlausu lýsingu á því sem fyrir augu ber á yfir eitt hundrað heimilum. Íslensk málaraalist á 20. öld hefur vaxið samhliða þróun þjóðfélagsins allt frá því að Þórarinn B. Þorláksson efndi til fyrstu formlegu málverkasýningarinnar í lok árs 1900. Vakning í átt til sjálfstæðis frá Dönum var þá mikil og þjóðin stóð á þröskuldi nýrrar aldar.

„Landið var fagurt og fritt og fannhvítir jöklanna tindar  
... hvar er þín fornaldarfrægð, frelsið og manndáðin best?“

Þannig orti Jónas Hallgrímsson á 19. öld, og nú var komið að fyrstu málurum þjóðarinnar að myndgera þessa sýn á 20. öldinni. Ekki skorti áhugann; Þórarinn og Ásgrímur Jónsson hlutu styrk frá Alþingi til þess að fara utan til náms, og í Kaupmannahöfn hafa þeir vafa-



Eigendur sófa og málverks: Bergur og Ingibjörg J. Gíslason.  
Málverk: Frá Þingvöllum, Jóhannes S. Kjarval.



laust orðið fyrir sterkum áhrifum af rómantískum straumum og stefnum. Þeir hófu að mála undurfullar landslagsmyndir frá Íslandi, landi sveitasamfélags þar sem fegurð landsins hafði löngum verið mæld eftir búsaeldinni einni saman. Nú kvað við nýjan tón; fegurð fegurðarinnar vegna.

Bæjarmenning var farin að festa rætur við sjávarsíðuna, og hér var komin ný tegund af stofustássi; sjálf Hekla í allri sinni tign, komin inn í stofu. Þetta var ást við fyrstu sýn. Íslendingar voru allir að færast í aukana, tilbúnir til að gera sín fyrstu togarakaup og þjóðlífið einkenndist af bjartsýni sem endurspegladist í þessum þróttmiklu og einlægum málverkum. Hjá almenningi var mikill áhugi á þróun þessa fyrirbæris, málverksins. Menn létu sýningar ekki fram hjá sér fara og fylgdu stítt með tíðindum af þeim vettvangi í fréttablöðunum.

Ef til vill þótti það jafnspennandi og að lesa Landnámu að sjá fyrstu málarauna nema landið í gegnum þennan sjónræna miðil. Jón Stefánsón opnaði sýn á fegurð hrikaleikans með hálendismyndum sínum, og ýtti þannig vafalaust undir stolt landsmanna jafnframt því sem hann lagði grunninn að nýjum þætti í sjálfsmynd þeirra á þeim miklu breytingartímum sem fóru í hönd. Kjarval opnaði síðan augu manna fyrir því ríkidæmi sem býr nánast við hvert fótmál í íslenskrí náttúru. Slíkur var áhugi landsmanna fyrir þessum efnilega unga málara að efnt var til happdrættis til að stykja utanför hans til náms. Með Þingvallamyndum sínum hæfði Kjarval þjóðina í hjartastað, og þau eru enn ófá heimilin sem skarta Kjarvalsmálverki í stofunni.

Það hefur vafalaust ekki þótt amalegt á þúsund ára afmæli hins fornfræga Alþingis að geta boðið gestum sæti í borgaralegum sófa, undir Kjarvalsmálverki; þar með sátu þeir á táknrænan hátt í sjálfum helgireit þjóðarinnar í góðum félagsskap frækinnna forfeðranna. Ef til vill var draumurinn um betra og fegurra líf, sem áður var aðeins á færi huldufólksins, loksins orðinn að veruleika fyrir þjóðina sjálfa?

Á öðrum og þriðja áratug aldarinnar varð umbreyting þjóðfélagsins úr stöðnuðu bændasamfélagi yfir í nútíma framleiðsluþjóðfélag ótrúlega hröð, með allri þeirri bæjarmenningu sem því fylgdi. Snemma myndaðist griðarleg togstreita á milli einmanalegs torfkofans annars vegar og hraðvaxandi sjávarþorpisins hins vegar; hér þurftu menn að aðlagast nýjum háttum svo til á einni nóttu miðað við Evrópubúa, sem höfðu haft áhrunduð til að þróa borgarmenningu sína.

Þjargráð Íslendinga virðist einfaldlega hafa verið að flytja sveitina með sér inn í stofur bæjanna - í formi landslagsmálverksins. Þetta var snjöll aðferð sem þjóðin virðist hafa tekið ástfóstri við, og enn í dag lifir „sófamálverkið“ góðu lífi.

Sýning helguð sófamálverkinu er tilraun til að gera eins konar sjálfsmynd af þjóðinni á 20. öldinni. Leitast er við að tryggja fjölbreytni í vali á heimilum sem voru ljósmynduð, þannig að sófamálverk „X“-kynslóðarinnar margtöluðu komi fram ekki síður en aldamótakynslóðarinnar.

„msar spurningar komu fram við þessa vinnu: Hvar velur yngsta kynslóðin málverkum stað? Hvert fer erfðagripurinn eftir gömlu meistara - fyrir ofan sófann? Rýfur takföst danstónlist fjallakyrriðna á Þingvöllum?

Meðal þeirrar kynslóðar sem er fædd um og eftir 1970 og er að stofna sín heimili nú við aldahvörf er að finna fyrstu eiginlegu borgarbörnin meðal Íslendinga. Þetta unga fólk hefur vissulega annars konar tengsl við landið

en þær kynslóðir sem gengu á undan henni á 20. öld, og var nær alfarið upprunnin úr sveitum landsins. Nú eru ferðalög hins vegar orðin snar þáttur í afþreyingu velmegunarþjóðfélagsins, og enginn sem um hana fer verður ósnortinn af náttúru Íslands. Ný kynslóð upplifir því ný tengsl við landið á nýjum forsendum.

Á sama tíma birtist náttúran í auknum mæli í daglegu borgarumhverfi okkar með nýjum tilvísunum; í sjónvarpsauglýsingum lífeyrissjóða, á dagatölum, á forsíðum Sunnudagsblaðs Morgunblaðsins, eða jafnvel á vefsíðum - í hinum nýju helgidómum, yfir nýjum sófum þjóðarinnar. Gamla góða sófamálverkið heldur því vissulega velli sem eins konar jarðtenging þjóðarsálarinnar, mitt í hraða nútímans á þröskuldi nýrrar aldar.

Reykjavík, 14. janúar 2001

Anna Jóa

## “The Sofa Painting”

It can be maintained that Icelandic homes reflect the values of the nation. In the same way that the living room is the centre of the home, where guests are invited to sit, the sofa and the work of art above it are the centres of the living room. In this arrangement you have something you could call the icon of the Icelander, that reveals all at once - his pride in his own home, that at the same time reflects his prosperity and respect for work of art that has been selected for the place of honour above the sofa, as the subject more often than not describes his fundamental love for the country.

The concept of the “sofa painting” describes in a nutshell the special bond found between Icelanders and works by Icelandic artists, especially when these are works that describe the nature of the land. This relationship could best be described as a love affair that has lasted all of the 20th century, and must therefore be seen as a long-lasting one.

It is worth looking at this phenomenon and examining it more closely, which is the idea for the exhibition. In it, more than a hundred photographs - pictures of a sofa, the painting above it and other furniture as they are arranged in the homes of absent people. These are homes of the young and the old, traditional and avant-garde - a cross section of the community that places the painting in the forefront in this way - a neutral description of what is to be found in over one hundred homes.

Icelandic painting in the 20th century has developed with society from the time that Þórarinn B. Þorláksson held the first formal exhibition of paintings in the last month of the year 1900. A great awakening towards independence from Denmark was under way as the nation stood on the threshold of a new century.

“The Land Beautiful and Fair with Snow-white Glacial Peaks  
... Where is Your Ancient Fame, Freedom and Courage best?”

Such were the words of the poet Jónas Hallgrímsson in the 19th century, and now it was up to the painters to produce this vision in the 20th. There was no lack of enthusiasm; Þorláksson and Ásgrímur Jónsson received grants from Parliament to go abroad to study art, and in Copenhagen they were undoubtedly greatly influenced by romantic currents and styles. They began to paint beautiful landscape paintings from



Iceland, the land of a rural life where the beauty of the land had for a long time been measured only by its usefulness. Now a new tone was heard; beauty for beauty's sake.

An urban culture was beginning to find roots by the seaside, and here you had a new kind of living room trophy; Mt. Hekla itself in all its majesty, right there in the living room. This was love at first sight. Icelanders were progressing with determination, ready to by the first trawlers and the life of the nation was marked by an optimism that was reflected in these powerful and sincere paintings. The general public was very interested in the development of this phenomenon, the painting. Exhibitions were not missed, and all news about the arts in the papers was read with care.

Perhaps people found it as exciting as reading *The Book of Settlement* [Landnámu] to see how these first painters conquered the land through this visual medium. Jón Stefánsson opened a new way of seeing the beauty of the wild in his paintings from the highlands, and thus undoubtedly strengthened their pride as he laid the foundation for a new part of their self image in the tumultuous times of change that lay ahead. Kjarval in turn opened our eyes to the richness that lays at our feet at every turn in Icelandic nature. The interest among the people for this young and promising painter was such that a lottery was held to support him to go abroad to study. With his paintings of Pingvellir Kjarval found the heart of the nation, and there are still many homes that are decorated with a Kjarval painting in the living room.

It has certainly been a sign of good standing during the celebrations for the millennium of the ancient Icelandic Parliament (in 1930) to be able to invite your guests to sit in a bourgeois sofa, underneath a painting by Kjarval; thus they sat symbolically in that national shrine in the good company of our illustrious ancestors. Perhaps the dream of a better and more beautiful life, that previously had only been attainable in the fairy world, was at last becoming a reality for the nation itself?

During the second and third decades of the century the nation underwent an incredibly fast and radical change from a stagnant rural society into a modern, production-oriented society, with all the urban culture that accompanied it. Almost from the start there was a tremendous conflict between the lonely, earthen house of the rural farm on the one hand and the fast-growing fishing village on the other; here people had to adjust to new ways almost overnight, compared with European nations that had centuries to develop their urban culture.

The saving gesture of the Icelanders seems to have simply been to take the land with them into the living rooms in the towns - in the form of the landscape painting. This was a brilliant method that the nation seems to have fallen in love with, and the "Sofa Painting" is still a vital part of our lives.

An exhibition dedicated to the sofa painting is an attempt to create a certain kind of self-portrait of the nation in the 20th century. An effort has been made to ensure a wide variety in the selection of homes photographed, so that the sofa paintings of the much-talked-about "X"-generation would be represented no less than those of the generation from the turn of the century.

A number of questions arose during this work: Where does the youngest generation place its paintings?

Where does the heirloom by the Icelandic old master go - above the sofa? Does the rhythmic dance music disturb the quiet of the mountains at Pingvellir?

Among the generation born around and after 1970 and which is now at the turn of the millennium setting up its own homes we find the first truly urban children of Iceland. This generation certainly has a different kind of bond with the country from that of the generations that have come before it in the 20th century, that were almost completely raised in rural areas. Now, however, travel has become a very important factor in the leisure activities of our prosperous society, and no one can travel through the nature of Iceland without being touched by it. A new generation thus experiences new ties to the country on new terms.

At the same time nature plays an ever increasing role in our everyday urban environment through new references; in the television advertisements for pension funds, on calendars, on the front page of the Sunday paper supplement, even on web sites - in the new shrines, above the new sofas of the nation.

The good old sofa painting thus certainly holds its ground as a kind of electrical earth connection for the national soul, in the midst of modern speed on the threshold of a new century.

Reykjavik, January 14, 2001.

Anna Jóa



*Eigendur sófa og málverks: Anna Malín Einarsdóttir og Tómas Vilhjálmsson.  
Málverk: Elín Pétursdóttir, Álfakirkjan, 1950.*

## Inngangur

Ýmsir erlendir gestir sem kynna Íslendingum benda á að almenntur menningaráhugi sé hér meiri en víðast í öðrum löndum. Á nær hverju heimili sé að finna minnst einn bókaskáp fullan af bókmenntaritum, bæði á íslensku og erlendum tungumálum; í flestum fjölskyldum séu einn eða fleiri sem spila á hljóðfæri, og á veggjum íslenskra heimila séu alls staðar listaverk - það er að segja frummyndir, sem viðkomandi hafa eignast sem erfðagrip, gjafir eða keypt að eigin smekk.

Íslendingar gera sér tæpast grein fyrir því sjálfir að þetta sé markvert ástand; þeim finnst það sjálfsagt. Gestirnir segja þvert á móti að virkur áhugi á bókmenntum, tónlist og listum sé víðast forréttindi eða merki menntunar og stéttaskiptingar, fremur en eðlilegur hluti daglegs lífs. Og að almenn listaverkaeign heillar þjóðar sé einstakt fyrirbæri.

Sýningin „Sófamálverkið“ vekur athygli á þessari staðreynd með því að benda á hvernig Íslendingar njóta myndlistarinnar á eigin heimilum. Þar ríka ákveðnar venjur sem eru orðnar hluti af þjóðarsálinni, og virðast lítið hafa breyst á milli kynslóða alla 20. öldina. Á sýningunni nálgast sýningarstjórnir, Anna Jóa og Ólöf Oddgeirsdóttir, viðfangsefnið með ýmsum hætti. Sett er upp ímynd gamaldags borgaralegs heimilis, og vísað til náttúrunnar sem var eitt helsta myndefni íslenskra listmálara alla öldina; loks er gefin innsýn - með ljósmyndum - í öndvegissstöðu málverksins á yfir hundrað heimilum Íslendinga af ólíkum kynslóðum og þjóðfélagsstöðu.

Staða málverksins í þjóðarvitund Íslendinga er því augljóslega mjög sterk. „Sófamálverkið“ er hluti af einkennum þjóðarinnar.

Eiríkur Þorláksson,  
forstöðumaður

## Introduction

Many foreign guests that get to know Icelanders point out that the cultural interest of the general public is much greater here than in most other countries. In almost every home you find at least once bookcase full of literature, both in Icelandic and foreign languages; in most families one or more family members play an instrument, and the walls of Icelandic homes are covered with works of art - that is originals, that have been obtained as heirlooms, gifts or been purchased according to the taste of the person in question.

Icelanders themselves hardly recognize this as a noteworthy situation; they take it for granted. The guests say on the contrary; an active interest in literature, music and art is in most places privileges or the mark of education or social standing, rather than a natural part of everyday life. And that the general ownership of original works of art by the public at large is a unique phenomenon.



“The Sofa Painting” draws attention to this fact by pointing out how Icelanders enjoy art in their own homes. This is ruled by certain traditions

that have become part of the national soul, and seem to have changes little between generations in the 20th century. In the exhibition the curators (Anna Jóa and Ólöf Oddgeirsdóttir) approach the subject in different ways. The image of an old fashioned bourgeois home is set up, and references made to nature, which was the main content matter of Icelandic painters throughout the century; finally an insight is given - through photographs - to the premier status of the painting in the homes of over a hundred Icelanders of different generations and social standing.

The position of the painting in the Icelandic consciousness is clearly very strong. The “Sofa Painting” is part of the national identity.

Eiríkur Thorláksson,  
Director





Menningarmálanefnd Reykjavíkur / The Cultural Committee of the City of Reykjavík:  
Guðrún Jónsdóttir, formaður / chair, Anna Geirsdóttir, Örnólfur Thorsson, Eypór Arnalds, Júlíus Vífill Ingvarsson,  
Valgerður Bergsdóttir, Tryggvi Baldvinsson.

Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur: Eiríkur Þorláksson  
Sýningarstjórar: Anna Jóa og Ólöf Oddgeirsdóttir.  
Ljósmyndir: Hanna Gunnarsdóttir, Anna Jóa og Ólöf Oddgeirsdóttir

Styrktaraðilar: **Ljósmyndavörur ehf.** **ÖNND EHF**  
[WWW.ONND.IS](http://WWW.ONND.IS)

Umsjón með gerð sýningarstrár / Catalogue production:  
Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir  
Þýðing / Translation: Eiríkur Þorláksson  
Skeyting og filmuvinna / Colour separation and montage:  
Grafík h.f.  
Umbrot og prentun:  
Grafík h.f.



LISTASAFN REYKJAVÍKUR  
REYKJAVÍK ART MUSEUM

Íslandssími **C**